

Vatnsleikfimi - Vatnsleikfimi.

Ég ætla að bjóða upp á 6 vikna vatnsleikfiminámskeið
í sundlauginni í Reykjahlíð.

Kennt verður á miðvikudögum kl. 16:10 og laugardögum kl. 12:00
og verður fyrsti tíminn miðvikudaginn 21. maí.
Verð fyrir námskeiðið er 10.000 kr.

Til að skrá sig má senda tölvupóst á brynjah@heilhus.is
eða hringja í síma 865 9041 eftir kl.17:00.

Hlakka til að sjá ykkur.
Brynja Hjörleifs, löggiltur sjúkraþjálfari

Mjúkt jóga, slökun og hugleiðsla

(barnshafandi sérstaklega velkomnar)



Í íþróttamiðstöðinni, mánudaga og fimmtudaga
kl. 16:30 - 17:45.

Kennt verður frá 15. maí – 16. júní (að undanskildum 26. og 29. maí)

Verð: 10.000 kr. (8 skipti)

Tilboð fyrir vaktavinnufólk, hálf námskeið: 5.000 kr. (4 skipti)

Skráning hjá Hörpu í síma 821 5215 eða á netfang harpa@alkemia.is

“Þakklæti opnar dyr gnægðar” Yogi Bhajan

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

16. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 14. maí 2014

Afmælisbörn dagana 15. maí — 21. maí 2014

15. Björn G Yngvason.
18. Egill Freysteinnsson, Jón Ásgeir Þorláksson.
19. Hrafnhildur Kristjánsdóttir.
21. Björg Jónasdóttir, Þórey Kolbrún Jónsdóttir.

Frá Íþróttamiðstöð.

Íþróttamiðstöðin verður lokað föstudaginn 16. maí
og laugardaginn 17. maí vegna viðhalds og málningarvinnu.

Kveðja, starfsfólk



Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

KONUR!

Krabbameinsskoðun fer fram á Húsavík 19. - 22. maí 2014.

Tekið er við tímapöntunum í síma **464 0500**
alla virka daga frá kl. 10:30 - 13:00 og 14:00 - 16:00.

Krabbameinsskoðun fer fram á Þórshöfn 2. – 3. júní 2014.

Tekið er við tímapöntunum í síma **464 0600**
alla virka daga á opnunartíma stöðvar.

Hugsaðu um heilsuna og pantaðu þér tíma!



Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

70. fundur

að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 23. apríl. 2014, kl 09:15.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Ársreikningur 2013, síðari umræða
3. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjað rekstrarleyfi til handa Friðriki K. Jakobssyni f.h. Draumaborga
4. Fulltrúi á aðalfund MýSköpunar
5. Fulltrúi á aðalfund Mývatnsstofu
6. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar dags. 7. apríl
7. Erindi frá Samorku
8. Erindi frá Umhverfisstofnun, ósk um umsögn um drög að áætlun til þriggja ára um refaveiðar
9. Skólaakstur
10. Skólástjórabústaður
11. Fundargerð brunamálanefndar sveitarfélga.

Til kynningar:

Bréf Fljótsdalshéraðs dags. 3. apríl

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning
Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 9, 10 og 11 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.
2. Ársreikningur 2013, síðari umræða
Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 365,4 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 356,1 millj. kr. Rekstrartekjur A hluta námu 345,4 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 336,3 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 14,48% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,625% sem er lögbundið hámark þess. Í B-flokki nam

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar á liðum 1, 2, 4, 5 og 6. Varðandi lið 3 gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar en samþykki deiliskipulagstillögunnar bíður þar til endanleg gögn hafa borist.

5. Ljósleiðari.

Dagbjört rakti forsögu málsins. Frá því s.l. haust hafa verið í gangi viðræður á milli Skútustaðahrepps og Landeigenda Reykjahlíðar um stofnun félags um rekstur ljósleiðara. Inn í það félag yrði lagður ljósleiðari sem sveitarfélagið hefur nú þegar lagt og á, og ljósleiðari sem eigendur Reykjahlíðar eiga í þorpínu og þjónar nú ljósnetinu. KPMG veitti sérfræðiaðstoð í málinu og fór jafnframt yfir þann kostnað sem báðir aðilar hafa lagt í, ásamt því að gera tillögu um eignarhluti hvors aðila um sig í væntanlegu félagi. Gísli og Karl Emil fóru yfir rekstraráætlun félagsins 2014-2018. Gert er ráð fyrir að tekjur félagsins komi í upphafi af stofngjaldi og síðan áskrift og leigu fjarskiptafyrirtækja fyrir afnot af kerfinu.

Nokkrar umræður urðu um málið m.a. hvort sveitarfélagið ætli að reka fjarskiptafyrirtæki, hvort ekki væri eðlilegra að sveitarfélagið seldi ljósleiðarann og semdi við fjarskiptafyrirtæki þar um. Fram kom að í upphafi var kannaður áhugi fjarskiptafyrirtækja á lagningu og rekstri ljósleiðarans án árangurs og því lagði sveitarfélagið sjálft upp í þá vegferð. Þá er það álit meirihluta sveitarstjórnar að ljósleiðarinn verði betri söluvara þegar hann er kominn í rekstur.

Oddviti lagði til að stofnað yrði hlutafélag um eignarhald og rekstur ljósleiðarans. Félagið yrði stofnað með 500 þúsund kr. hlutafé og skiptast hlutir í margfeldi krónu. Hlutur Skútustaðahrepps verður 62%, og hlutur Landeigenda Reykjahlíðar 38%. Fyrir liggja drög að samþykktum fyrir félagið.

Tillagan samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur. Pétur Snæbjörnsson óskaði að bókað væri að hann legðist gegn tillögunni og að reynt yrði til þrautar að fá fagaðila til að reka strenginn áður en gengið væri frá stofnun félagsins.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Karl Emil Sveinsson,

Friðrik K. Jakobsson,

Pétur Snæbjörnsson.

KRAFTFAG

MALBIKUN

Kraftfag Malbikun

verður um mánaðarmótin maí/ júní 2014

í Mývatsveit.

Áhugasamir geta fengið tilboð í stærri og smærri verk.

Upplýsingar hjá Baldvini Þór í síma 896 5332

eða á kraftfag@simnet.is

auglýsingar. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að annast málsmeðferð vegna auglýsinganna eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

4. Drekgil. Stofnun lóðar.

Erindi dags 9. apríl 2014 frá forsætisráðuneytinu þar sem sótt er um að stofnuð verði lóð fyrir landvarðarhús við Drekgil í Skútustaðahreppi. Fylgigögn með umsókn eru útfyllt eyðublað nr. F-550 frá Þjóðskrá og hnitsettur lóðaruppráttur dags. í júlí 2013 frá Eflu verkfræðistofu.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðina í fasteignaskrá Þjóðskrár.

5. Björk, Mývatnssveit. Stofnun lóðar.

Erindi dags. 4. apríl 2014 frá Þórhalli Kristjánssyni, Björk, Mývatnssveit, þar sem hann sækir um að stofnuð verði ný lóð undir starfsmanna hús í landi Bjarkar. Fylgigögn með umsókn eru útfyllt eyðublað F-550 um stofnun fasteigna í fasteignaskrá Þjóðskrár og hnitsettur lóðaruppráttur dags. 17. október 2011 frá Búgarði.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðina í fasteignaskrá Þjóðskrár.

6. Litlaströnd. Stækkun á skógræktarsvæði.

Erindi dags 11. apríl 2014 frá Raket Jónsdóttur, Norðurlandsskógum, þar sem óskað er eftir umsögn skipulags- og umhverfisnefndar um fyrirhugaða stækkun á skógræktarsamningssvæði Litlustrandar í Skútustaðahreppi, sem er í eigu Birgis Steingrímssonar. Á meðfylgjandi korti er sýnt núverandi skógræktarsvæði, 58 ha, og fyrirhuguð stækkun um 90 ha.

Birgir Steingrímsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Með vísan í greinargerð með Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 eru skógræktarsvæði ekki skilgreind sérstaklega á skipulagsuppdrætti en skipulags-áætlunin gerir bæði ráð fyrir skógrækt sem atvinnugrein á hefðbundnum landbúnaðar-svæðum og til skjóls, landbóta og útivistar. Þó skal miðað við að gott landbúnaðar-land verði áfram nýtt fyrir hefðbundinn landbúnað og matvælaframleiðslu. Á góðu landbúnaðarlandi er fyrst og fremst miðað við að stunda skógrækt og skjólbeltarækt til að skýla ræktun og búpeningi. Stefnt er að því að rækta ekki skóg á því landi sem best hentar til búvöruframleiðslu.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skal tilkynna nýræktun skóga sem taka yfir 200 ha eða stærra svæði til Skipulagsstofnunar, sem ákvarðar matsskyldu framkvæmdanna sbr. 3. viðauka laganna. **Samkvæmt lögum er öll skógrækt á**

verndarsvæðum einnig tilkynningarskyld framkvæmd og gildir það um verndarsvæði Mývatns og Laxár. (Hluti svæðisins lendir innan marka verndarsvæðisins) Skógrækt á verndarsvæðinu er háð leyfi Umhverfis-stofnunar samkvæmt 3. gr. laga nr. 97/2004.

Samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þarf leyfi Umhverfisstofnunar þar sem hætta er á að spillt verði frið-lýstum náttúruinjunum, t.d. með skógrækt. Að auki skal leita umsagnar Umhverfis-stofnunar þar sem hætta er á að öðrum náttúruinjunum á náttúruinjaskrá verði spillt.

Umsækjanda er bent á að sækja þarf um framkvæmdaleyfi með tilheyrandi upplýsingum til sveitarfélagsins vegna umræddra skógræktaráforma.

álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% sem er lögbundið hámark þess.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 21,9 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 20,4 millj. kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 14,9 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 15,3 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 344,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 257,5 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 163,6 millj. kr. en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 27 stöðugildum að meðaltali.

Ánægjulegur viðsnúningur, uppá 38,2 millj. kr. hefur orðið á rekstri sveitarfélagsins frá síðasta ári. Eftir sem áður þarf þó að gæta aðhalds.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða.

3. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjað rekstrarleyfi til handa Friðriki K. Jakobssyni f.h. Draumaborga.

Með bréfi er óskað umsagnar sveitarstjórnar um endurnýjað rekstrarleyfi til sölu veitinga í Kaffi Borgum við Dimmuborgir. Rekstrarleyfi/ Veitingastaður: flokkur II Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leiti. Friðrik tók ekki þátt í afgreiðslu á þessum lið.

4. Fulltrúi á aðalfund MýSköpunar.

Aðalfundur Mýsköpunar verður haldinn í Reykjahlíðarskóla þriðjudaginn 29. apríl kl. 16:00. Fulltrúi Skútustaðahrepps verður Eyrún Björnsdóttir.

5. Fulltrúi á aðalfund Mývatnsstofu.

Aðalfundur Mývatnsstofu verður haldinn 30. apríl kl. 14:00. Fulltrúi Skútustaðahrepps verður Friðrik K. Jakobsson.

6. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar dags. 7. apríl.

1. Grímsstaðir. Breytingar á skipulagsákvæðum aðalskipulags vegna verzlunar og þjónustusvæðis 363-V

Tekið fyrir að nýju erindi dags. 19. desember 2012 frá Áslaugu Traustadóttur landslagsarkitekt hjá Landmótun, f.h. Islandia hótél ehf., kt. 581105-0610 þar sem óskað er eftir að skilmálum í tillögu að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 sem þá voru til meðferðar verði breytt á eftirfarandi hátt:

Verzlunar og þjónustusvæði Grímsstaðir norðan Kísilvegur (Þjóðvegur 1), svæði 363-V skipulagsákvæði:

Núverandi ákvæði:

Hótel og ferðaþjónusta. Allt að tveggja hæða byggingar, uppbygging skv. deiliskipulagi. Tillaga að breytingu:

Hótel og ferðaþjónusta. Allt að þriggja hæða byggingar, uppbygging skv. deiliskipulagi. Innkomin ný gögn dags. 30. janúar 2014, skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi, frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf. Skipulagslýsingin er unnin skv. drögum að deiliskipulagi sem bást frá Landmótun 28. janúar s.l.

Nefndi samþykkti að kynna lýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi á 36. fundi sínum 11.

febrúar s.l. eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Lýsingin var kynnt frá og með 5. mars til og með 26. mars s.l. Athugasemdir og umsagir bárust frá eftirtöldum aðilum: Skipulagsstofnun, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Einnig bárust athugasemdir frá Umhverfisstofnun:

Skipulags- og umhverfisnefnd fór í vettvangsferð í upphafi fundar til að kynna sér aðstæður á fyrirhugaðri hótellóð.

Skipulags- og umhverfisnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að afla nánari gagna sem sýna umfang fyrirhugaðrar hótélbyggingar og aðlögun hennar að umhverfinu. Óskað er eftir því að umsækjandi láti vinna módelmyndir er sýni eftirfarandi:

Ásýnd frá þjóðvegi og landmódel er sýni tveggja og þriggja hæða byggingar og í báðum tilfellum fyrirhugaðan fyrsta byggingaráfanga og og síðari stækkun samtals allt að 5.000 m² skv. fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu

Nefndin vill ítreka, vegna athugasemda Umhverfisstofnunar, að krafist verður ítarlegri hreinsunar skolps frá fyrirhugaðri hótélbyggingu en tveggja þrepa með vísan í 24. gr. reglugerðar nr.665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skolp.

2. Deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar. Tillaga að deiliskipulagi.

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi þéttbýlis Reykjahlíðar. Ný endurskoðuð deiliskipulagstillaga ásamt greinargerð frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf. var tekin fyrir á 33. fundi þar sem brugðist hafði verið við sjónarmiðum nefndarinnar sem fram komu þegar tillagan var kynnt á 31. fundi.

Skipulags- og umhverfisnefnd óskaði eftir að gerðar yrðu ákveðnar breytingar á tillögunni sem hún síðar samþykkti og kynnti fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum, eins og 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um, á almennum kynningarfundum sem haldinn var í Reykjahlíðarskóla 10. desember 2013.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir eftirfarandi áherslur í deiliskipulagsgerðinni:

1. Lóð Samkaupa og byggingarreitur verði stækkuð til austurs að Helluhrauni. Innan reitsins verði heimilt að byggja annað hvort eina samfellda verslunar- og þjónustumiðstöð í tengslum við núverandi verslun eða viðbyggingu og staka verslunar- og þjónustubyggingu. Gerður verði fyrirvari í deiliskipulagi um legu Sauðahellis sem liggur fyrir að kortleggja nú í sumar.

2. Á deiliskipulagstillögu sem verið er að vinna fyrir Reykjahlíð, jörð umhverfis Hótel Reynihlíð og Gamalbæinn er gert ráð fyrir aðkomu hópferðabifreiða og þjónustustarfsemi.

3. Taka út byggingarreit á Hraunvegi 2-4.

4. Ákvörðun um þekkingarsetur verði látin bíða þar til nánari forsendur liggja fyrir.

5. Ekki verði gerðar neinar breytingar á byggingarreitum norðan Hlíðavegar þó með fyrirvara um legu Hvíthellis.

Þá óskar nefndin eftir því við skipulagsráðgjafana að lögð verði fram endanleg deiliskipulagstillaga fyrir næsta fund nefndarinnar sem haldinn verður 5. maí n.k.

efnis, að hennar mati.

Skipulags- og umhverfisnefnd og Landsvirkjun svöruðu athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún staðfesti svör og rökstuðning Landsvirkjunar og nefndarinnar við athugasemdum Skipulagsstofnunar og að hún samþykki að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að sjá til þess, í samráði við Landsvirkjun, að gerðar verði viðeigandi breytingar og endurbætur á greinargerð deiliskipulagsins samkvæmt þeim niðurstöðum sem vísað er til hér að framan.

3. Deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar. Tillaga að deiliskipulagi.

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi þéttbýlis Reykjahlíðar. Málið var áður á dagskrá nefndarinnar á 31. og 33.fundum hennar 17. september og 11. nóvember 2013.

Ný endurskoðuð deiliskipulagstillaga ásamt greinargerð frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf. var tekin fyrir á 33. fundi.

Skipulags- og umhverfisnefnd óskaði eftir að gerðar yrðu ákveðnar breytingar á tillögunni sem hún síðar samþykkti og kynnti fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum, eins og 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um, á almennum kynningarfundum sem haldinn var í Reykjahlíðarskóla 10. desember 2013.

Lagðir fram minnispointar dags. 2. apríl frá Teiknistofu arkitekta, Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf., þar sem óskað er eftir afstöðu skipulags- og umhverfisnefndar til ákveðinna þátta deiliskipulagsins.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkti eftirfarandi áherslur í deiliskipulagsgerðinni á fundi sínum 7. apríl s.l.:

1. Lóð Samkaupa og byggingarreitur verði stækkuð til austurs að Helluhrauni. Innan reitsins verði heimilt að byggja annað hvort eina samfellda verslunar- og þjónustumiðstöð í tengslum við núverandi verslun eða viðbyggingu og staka verslunar- og þjónustubyggingu. Gerður verði fyrirvari í deiliskipulagi um legu Sauðahellis sem liggur fyrir að kortleggja nú í sumar.

2. Á deiliskipulagstillögu sem verið er að vinna fyrir Reykjahlíð, jörð umhverfis Hótel Reynihlíð og Gamalbæinn er gert ráð fyrir aðkomu hópferðabifreiða og þjónustustarfsemi.

3. Taka út byggingarreit á Hraunvegi 2-4.

4. Ákvörðun um þekkingarsetur verði látin bíða þar til nánari forsendur liggja fyrir.

5. Ekki verði gerðar neinar breytingar á byggingarreitum norðan Hlíðavegar þó með fyrirvara um legu Hvíthellis.

Lögð fram ný endurskoðuð deiliskipulagstillaga ásamt greinargerð frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum dags. 28. apríl 2014.

Skipulags- og umhverfisnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að koma athugasemdum nefndarinnar, sem ræddar voru á fundinum, á framfæri við skipulagshöfunda og í framhaldi af því leggur nefndin til við sveitarstjórn að hún samþykki deiliskipulagstillöguna svo breytta til auglýsingar samhliða aðalskipulagsbreytingu í Reykjahlíð þegar sú tillaga liggur fyrir til

yfirborð. Til þess að framkalla hljóðbylgjunar þarf að bora með skotholubor nokkrar 10 m djúpar holur á milli holu KJ-18 og KG-26 og sprengja örlytla hleðslur í botni þeirra. Að tilraun lokinni yrði mokað aftur ofan í holurnar og umhverfisspjöll því engin. Þá þarf að grafa lítinn poll nærri borholunum tveimur sem jafnframt verður fjarlægður að rannsókn lokinni. Gert er ráð fyrir að tilraunin standi yfir í tvær vikur. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar rannsóknir.

3. Fulltrúi á aðalfund Tækifæris hf. 14. maí n.k.

Fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfund Tækifæris sem haldinn verður á Akureyri miðvikudaginn 14. maí, verður Pétur Snæbjörnsson.

4. Fulltrúi á aðalfund Baðfélags Mývatnssveitar hf. 12. maí n.k.

Fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfund Baðfélagsins sem haldinn verður í húsakynnum félagsins mánudaginn 12. maí, verður Guðrún M. Valgeirsdóttir.

5. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar dags. 7. maí.

1. Geiteyarströnd, deiliskipulag. Deiliskiplagslýsing og breyting á aðalskipulagi.

Tekið fyrir að nýju erindi dags 29. október 2013 frá Agli Olgeirssyni á Mannviti ehf, f.h. landeiganda, þar sem lögð er fram tillaga að deiliskipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsgerðar á svæði sem skilgreint er í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 sem **352-O/V** opið svæði til sérstakra nota/verslunar- og þjónustusvæði. Einnig lögð fram tillaga skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 til stækkunar á landnotkunarreit **325-O/V**. Tillagan er unnin af Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf. Skipulags og umhverfisnefnd fjallaði um erindið á fundi sínum 11. nóvember 2013.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að lýsingin verði samþykkt þegar gerðar hafa verið breytingar á henni í samræmi við stækkun á landnotkunarreit 325-O/V og fyrri samþykktir nefndarinnar. Einnig er lögð áhersla á að gerð verði nákvæm grein fyrir nákvæmum hæðarsetningum á landi og byggingum og aðlögun þeirra að landi á væntanlegri tillögu að deiliskipulagi. Þá leggur nefndin til við sveitarstjórn að hún feli skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna lýsinguna svo breytta fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Einnig verði honum falið að annast málsmeðferð vegna tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar stækkun á landnotkunarreit **325-O/V**.

Skipulags- og umhverfisnefnd lýsir sig sammála þeim sjónarmiðum fulltrúa landeigenda sem fram komu í viðræðum hans við nefndina. Er þar helst að nefna aðlögun og staðsetningu bygginga í landslaginu og legu aðkomustíga að gistiskálum. Nefndin vill þó ítreka fyrri samþykktir sínar um mikilvægi þess að byggingar og aðkomustígar verði aðlagðar að landslaginu á haganlegan hátt og auk þess verði sett ákvæði um viðmiðunar-gólfkóta og hámarks mænishæð inn í deiliskipulagsskilmála.

2. Stækkun Kröfluvirkjunar. Deiliskipulag.

Tekið fyrir að nýju bréf frá Skipulagsstofnun dags 29. apríl 2014 þar sem stofnunin gerir athugasemdir við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulags Kröfluvirkjunar í B-deild Stjórnartíðinda þar sem það uppfylli ekki kröfur sem gerðar eru til

3. Bjarnarflagsvirkjun. Endurskoðun matsskýrslu.

Borist hefur erindi dags 25. mars 2014 frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er eftir umsögn Skútustaðahrepps þar sem fram komi álit sveitarfélagsins á því hvort endurskoða skuli matsskýrslu (umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðar Bjarnarflagsvirkjunar) að hluta eða í heild sinni. Í því efni er sérstaklega óskað eftir því að tekin verði afstaða til þess hvort forsendur hafi breyst verulega frá því að úrskurður Skipulagsstofnunar lá fyrir, svo sem vegna breytinga á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál, breytinga á alþjóðlegum skuldbindingum eða vegna tæknipróunar varðandi framkvæmdina sbr. 2. mgr. 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún beiti sér fyrir því að matsskýrslan verði endurskoðuð að hluta til hvað varðar hugsanleg áhrif af niðurdælingu og einnig vegna hættu á auknu brennisteinsvetni í andrúmsloftinu samfara rekstri fyrirhugaðrar gufuaflsvirkjunar.

Það er skoðun skipulags- og umhverfisnefndar að einstök náttúra Mývatns skuli njóta vafans þegar um virkjunarframkvæmdir eða aðrar umfangsmiklar framkvæmdir er að ræða, sem gætu haft neikvæð og óendurkræf áhrif á einstækt lífríki Mývatns.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar á öllum liðum fundargerðarinnar.

7. Erindi frá Samorku.

Með bréfi býður Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja Skútustaðahreppi að gerast aðili að samtökunum. Megin tilgangur samtakanna er að gæta hagsmuna félaga sinna og koma fram fyrir þeirra hönd í málum þar sem æskilegt er að þeir standi saman sem einn aðili. Veitusvið Samorku er þátttakandi að vinna sem snýr að ýmsum mikilvægum hagsmunamálum fyrir hita-, vatns- og faveitur og þá eiga samtökin fulltrúa á nefnd á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytis um endurskoðun reglugerðar um fráveitur og skolp og þá standa samtökin einnig fyrir endurmenntun og námskeiðum fyrir starfsmenn veitna. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir að þiggja boð um aðild að Samorku, samtökum orku- og veitufyrirtækja.

8. Erindi frá Umhverfisstofnun, ósk um umsögn um drög að áætlun til þriggja ára um refaveiðar.

Markmiðið með áætluninni til næstu þriggja ára er að tryggja upplýsingaöflun og samráð við helstu hagsmunaaðila í þeim tilgangi að byggja upp enn betri grunn fyrir ákvarðanatöku um veiðar á ref til að lágmarka tjón af hálfu refsins í náinni framtíð. Sveitarstjóra falið að koma athugasemdum Skútustaðahrepps á framfæri.

9. Skólaakstur.

Sveitarstjórn samþykkir að bjóða skólaaksturinn út til næstu þriggja ára. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að bjóða aksturinn út í tvennu lagi þ.e. Haganes-Reykjahlið sunnan vatns og Baldursheimur-Reykjahlið norðan vatns. Dagbjört vék af fundi undir þessum lið.

10. Skólastjórabústaður.

Sveitarstjórn samþykkir að greiða kr. 1.750.000,- sem eingreiðslu fyrir efniskostnað vegna vatnstjóns sem varð vegna bilunar í hitaveitu, innifalið í þessari upphæð er einnig verkfræðileg úttekt á húsinu sem eigendur stóðu straum af. Þetta er háð því skilyrði að málinu sé þar með lokið.

Böðvar tók ekki þátt í afgreiðslu á þessum lið.

11. Fundargerð brunamálanefndar sveitarfélaga.

Í fyrsta lið fundargerðarinnar er lögð fram tillaga um að sameina slökkvilið Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, formlega í eitt lið. Slökkviliðin hafa verið samrekin frá ársbyrjun 2010 og reynsla af því samstarfi góð. Endurskoðuð brunavarnaráætlun liggur fyrir og allar framfarir auðveldari með sameiningu liðanna.

Í öðrum lið kemur fram að lögð hafi verið fram drög að þjónustusamningi um brunavarnir vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Þeistareykjavirkjun.

Undir þriðja lið var farið yfir skýrslu slökkviliðsstjóra.

Sveitarstjórn samþykkir fyrsta lið fundargerðarinnar, aðrir liðir þarfnast ekki ályktunar við.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Karl Emil Sveinsson,

Eyrún Björnsdóttir,

Friðrik K. Jakobsson.

Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.

Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

71. fundur

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 8. maí. 2014, kl 09:15.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá Landsvirkjun vegna rannsóknarverkefnis á jarðhitakerfum.
3. Fulltrúi á aðalfund Tækifæris hf. 14. maí n.k.
4. Fulltrúi á aðalfund Baðfélags Mývatnssveitar hf. 12. maí n.k.
5. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar dags. 7. maí.
6. Ljósleiðari.

Til kynningar:

Bréf Landsvirkjunar dags. 25. apríl.

Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga dags. 28. mars.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Friðrik K. Jakobsson og Pétur Snæbjörnsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.
Oddviti setti fund.
2. Erindi frá Landsvirkjun vegna rannsóknarverkefnis á jarðhitakerfum.
Með bréfi er sagt frá því að Evrópusambandið hafi veitt umtalsverðu fé til evrópsks rannsóknarverkefnis á jarðhitakerfum, sem taka á til næstu fjögurra ára. Þátttakendur í verkefninu eru ellefu rannsóknarstofnanir á sviði jarðhita í Evrópu þ.á.m. Íslenskar orkurannsóknir (ISOR) auk átta fyrirtækja, þeirra á meðal HS Orka og Landsvirkjun, sem koma að rekstri jarðvarmavera eða annarrar nýtingar jarðhitakerfa. ESB veitir um 10 milljónum evra til verkefnisins og af því fara 1,7 milljónir evra til íslenskra aðila auk þess sem drjúgur hluti af framlögum til erlendra þátttakenda fer til rannsókna á jarðhitakerfum á Íslandi. Markmið verkefnisins er að þróa nýjar aðferðir til að rannsaka og meta jarðhitakerfi og staðsetja borholur með markvissari hætti. Vonast er til að hægt verði að gefa sem besta mynd af jarðhitakerfum áður en borðaðar eru rannsóknar- og vinnsluholur.
Hér á landi er ætlunin að skoða sérstaklega jarðhitakerfin á Reykjanesi og við Kröflu. Fyrirhugað er að gera svokallaðar VSP-mælingar í tveimur borholum á Kröflusvæðinu. Aðferðin felst í því að láta streng með mörgum jarðskjálftanemum síga ofna í borholur og láta þá nema endurköst hljóðbylgna úr jörðinni frá hljóðbylgjum sem framkallaðar verða við